



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

LANDGRÆÐSLA - ALPJÓÐLEG AÐGERÐAÁÆTLUN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun meðfylgjandi ræðu á alþjóðlegri ráðstefnu um landgræðslu og loftslagsbreytingar sem haldin er á Selfossi. Ráðstefnan er haldin í tilefni af 100 ára afmæli Landgræðslu ríkisins og fjölmargir sérfræðingar og alþjóðlegir áhrifamenn eru meðal þátttakenda.

Í ræðunni gerir forseti grein fyrir alþjóðlegri aðgerðaáætlun sem gæti stuðlað að víðtækum aðgerðum í landgræðslu víða um heim og þannig lagt baráttunni gegn loftslagsbreytingum öflugt lið. Í aðgerðaáætluninni eru hugmyndir um hvernig reynsla Íslendinga getur orðið öðrum að gagni.

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands, s. 540-4400.

4. september 2007